

Landmælingar Íslands

Ársskýrsla 2022



LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3
Address by the Director General	6
Starfsfólk	7
Mannauðsmál.....	8
Vöktun úr lofti.....	11
Landmælingar....	14
Landupplýsingar.....	17
Grunngerð	19
Vefsjár	21
Alþjóðamál.....	23
Fjármál	25
Yfirlit rekstrargjalda.....	27

Útgefandi: Landmælingar Íslands, www.lmi.is
Myndir: Guðni Hannesson, starfsfólk Landmælinga Íslands
Forsíðumyndin er tekin á Akranesi: Guðni Hannesson
Umbrot: Landmælingar Íslands
Útgefið í júní 2023

Ávarp forstjóra

Á Degi íslenskrar náttúru 2022, afhentu Landmælingar Íslands Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni fornkortasafn sitt til eignar og varðveislu. Elsta kortið, Benedetto Bordone frá 1547, er fyrsta prentaða sérkortið af Íslandi og sýnir hugmyndir manna um landið þegar menn vissu ekki mikið meira en að Ísland væri eyja í norðri. Yngstu kortin sem afhent voru eru byggð á Íslandskorti Björns Gunnlaugssonar frá miðri 19. öld sem er fyrsta nákvæma vísindalega kortið af öllu Íslandi.

Ríflega 400 árum eftir að Bordone gerði sitt kort voru Landmælingar Íslands stofnaðar til að sjá um kortagerð landsins sem þá hafði aðallega verið í höndum Dana og Bandaríkjamanna. Þannig hefur landið verið kortlagt miðað við bestu heimildir, kröfur og tækni hvers tíma. Undanfarin ár hefur hins vegar orðið gjörbylting á öllum þessum sviðum. Gríðarlegu magni landupplýsinga er safnað á hverjum degi, kröfur notenda um nákvæm gögn hafa aukist og nánast hver einasti einstaklingur gengur um með tæki sem getur safnað meiri og nákvæmari upplýsingum en sérhæfðir fagmenn gátu fyrir nokkrum áratugum.

Sameining í kortunum

Á þeim tíma sem Landmælingar Íslands hafa verið til hafa einnig orðið umfangsmiklar breytingar á starfsemi stofnunarinnar sem hefur færst frá því að vera fyrst og fremst stofnun sem sinnir landmælingum, kortagerð og kortaútgáfu í stofnun sem sér um samtengingu og miðlun gagna, rekstur grunn mælikerfa, aðstoð við aðrar stofnanir ríkisins auk hefðbundinnar vinnslu og öflunar landupplýsinga.

Um leið og starfsemi Landmælinga Íslands hefur breyst þá hefur hið sama gerst í starfsemi og verkefnum annarra stofnana og einnig í samfélaginu öllu. Því ákvað umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið í lok árs að skoða sameiningu stofnana ráðuneytisins og verkefna þeirra með það að markmiði að gera stofnanirnar og stofnanakerfið burðugra, einfaldara og hagkvæmara en áður og betur í stakk búið til að takast á við flókin verkefni á næstu árum og áratugum. Af hálfu stjórnvalda er mikil áhersla lögð á að fyrirhugaðar breytingar styðji við byggðaþróun og valfrelsi í búsetu, þ.e. að störfum á landsbyggðinni fjölgi með því að gera þau ekki staðbundin heldur án staðsetningar. Því er áfram gert ráð fyrir starfsstöð á Akranesi þar sem Landmælingar Íslands hafa haft aðsetur frá ársbyrjun 1999.

Mikilvægi landupplýsinga

Þessar breytingar í umhverfi og rekstri Landmælinga Íslands eru ekki vegna þess að gildi landupplýsinga fyrir samfélagið hafi minnkað heldur einmitt hið gagnstæða. Þáttur landupplýsinga í nútímasamfélagi heldur áfram að aukast og má þar meðal annars nefna mikilvægi fyrir rannsóknir á náttúru landsins, náttúruvá og áhrif loftslagsbreytinga en einnig gagnsemi við að kortleggja mikilvæga innviði, menningarminjar og landnýtingu. Á vettvangi alþjóðastofnana hefur einmitt verið bent á mikilvægi þess í hinu mikla upplýsingaflæði samtímans að til séu nákvæm opinber landupplýsingagögn sem notendur geti treyst á að unnin séu með viðurkenndum aðferðum. Tilvist slíkra grunngagna tryggir notagildi þeirra sem lykilgagna við ákvarðanatöku í samfélaginu.

Gunnar Haukur Kristinsson forstjóri



Gunnar Haukur Kristinnsson forstjóri tekur þátt í átaki í hreinsun strandlengjunnar.

In 2022, the National Land Survey of Iceland (NLSI) handed over its collection of historical maps to the National and University Library of Iceland for preservation. Within this collection resides Benedetto Bordone's 1547 specialty map, the oldest printed map of Iceland. The map offers a glimpse into the limited knowledge people had about Iceland at that time, where their understanding merely extended to its existence as island in the northern hemisphere. The most recent additions to the collection are based on Björn Gunnlaugsson's mid-19th century map, which marks the first scientifically accurate depiction of the entire country.

Established over 400 years later than Bordone's map, the NLSI was given the responsibility of mapping Iceland, a task previously predominantly handled by Denmark and USA. Since then, the organization has undergone significant transformations, shifting its focus from primarily land surveying, map creation, and publishing maps to the interconnection and dissemination of data. Additionally, it now operates basic land surveying systems and provides assistance to other government institutions while processing and acquiring spatial information.

In recent years, there has been a remarkable revolution in the collection and precision of spatial data. The demand for accurate data from users has soared, and nearly everyone now possesses a device capable of gathering more precise information than specialized professionals could only a few decades ago.

Given the evolving operations of the NLSI and other institutions, as well as the societal demands, the Ministry of Environment, Energy, and Climate has decided to explore the merger of its institutions and projects. This consolidation aims to enhance the efficiency and accessibility of the institutional system. The government places significant emphasis on these proposed changes, as they are expected to support regional development and freedom of choice in residence. Furthermore, it is hoped that this could stimulate job growth in rural areas. As a result, the plan is to maintain offices in Akranes where the NLSI has been based since January 1999.

Starfsfólk

31. desember 2022

Anna Guðrún Ahlbrecht	gæðastjóri	Ísak Steingrímsson	tölvunarfræðingur
Ásta Kristín Óladóttir	fagstjóri grunngerðar, landupplýsinga og miðlunar	Joaquín M. C. Belart	fagstjóri fjarkönnunar
Benedikt Valur Árnason	tölvunarfræðingur	Jóhanna Huguína Hallsdóttir	forstöðumaður, fagstjóri mannauðs og reksturs
Bjarney Guðbjörnsdóttir	sérfræðingur landupplýsinga	Michaela Hrabalíková	sérfræðingur landupplýsinga
Dalía Prizginíene	sérfræðingur landmælinga	Saulius Prizgínas	sérfræðingur landupplýsinga
Guðmundur Þór Valsson	fagstjóri landmælinga	Steinunn Elva Gunnarsdóttir	fagstjóri landupplýsinga og vefþjónusta
Guðni Hannesson	kortagerðarmaður	Sydney Gunnarson	sérfræðingur fjarkönnunar
Guðríður Guðmundsdóttir	matsveinn	Valdimar Hjaltason	tölvunarfræðingur
Gunnar Haukur Kristinsson	settur forstjóri	Þórarinn Sigurðsson	verkefnastjóri landmælinga
Hafliði Sigtryggur Magnússon	fagstjóri upplýsingatækni	Þórey Dalrós Þórðardóttir	sérfræðingur landupplýsinga
Ingvar Matthíasson	sérfræðingur fjarkönnunar		

Mannauðsmál

Í lok árs 2022 var starfsfólk Landmælinga Íslands 21 að tölu, þar af einn í hlutastarfi. Hópurinn er samheldinn og góður andi er á vinnustaðnum sem endurspeglast í góðri niðurstöðu í Stofnun ársins ár hvert. Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og einn starfsdagur var haldinn á árinu þar sem allt starfsfólk mætti og fór yfir verkefni stofnunarinnar og þær áskoranir sem framundan eru.

Heimavinna starfsfólks jókst til muna í heimsfaraldrinum enda kölluðu fjöldatakmörkanir á að hluti fólks ynni heima. Af því leiddi að fjarfundir urðu mun algengari en áður bæði innan stofnunar en einnig í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum. Heimavinna og fjarfundir eru nú hluti af þeim umhverfissjónarmiðum sem stofnunin vinnur eftir og störf hjá stofnuninni að auki auglýst án skilgreindrar staðsetningar sem gefur tækifæri til að velja besta einstaklinginn til starfa óháð því hvar hann er búsettur.

Á árinu 2022 var gerður stofnanasamningur fyrir Verkfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag tölvunarfræðinga og er endurskoðun allra stofnanasamninga því lokið. Einnig var farið í viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi stofnunarinnar sem staðfesti að Landmælingar Íslands starfræki jafnlaunakerfi í samræmi við kröfu IST 85:2012. Starfsfólk Landmælinga Íslands ákvað að fara í fulla styttingu vinnuvikunnar árið 2020 og hefur því fyrirkomulagi verið framhaldið og er almenn ánægja með það.

Í desember var starfsfólki kynnt áform um sameiningar nokkurra stofnana umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis og ljóst þykir að miklar breytingar verði hjá stofnuninni á næstu misserum. Til viðbótar mun stofnunin flytjast í nýtt húsnæði á Akranesi um mitt ár 2023 eftir að hafa verið staðsett við Stillholt 16-18 síðan 1999. Starfsfólk Landmælinga Íslands er mjög jákvætt gagnvart þessum miklu breytingum og er tilbúið í þessa spennandi áskorun.



Starfsfólk Landmælinga Íslands hreinsar fjöruna í Kalmansvík.



Vöktun úr lofti

Fjarkönnun er gríðarlega mikilvæg í starfsemi Landmælinga Íslands. Á árinu var nýrra gagna aflað með myndatökum úr dróna stofnunarinnar, úr loftmyndatöku og frá gervihnöttum.

Ísland er fullgildur aðili að Copernicus-áætlun Evrópusambandsins og eru fjarkönnunargögn úr gervihnöttum Copernicus notuð daglega af íslenskum stofnunum við vöktun á umhverfi landsins en þau gögn eru öll gjaldfrjáls.

Í samstarfi við Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun voru Snæfellsjökull, Torfajökull og jöklarnir á Tröllaskaga kortlagðir með Pléiades gervitunglamyndum, samtals um 2100 km². Þær myndir fengust í gegnum Dinamis verkefnið sem er á vegum frönsku geimvísindastofnunarinnar. Að auki voru gervitunglagögn meðal annars notuð til að fylgjast með jökulhlaupi Grímsvatna, breytingum á jarðhitasvæðum á ýmsum jöklum og til að reikna breytingar á massa Snæfellsjökuls frá 2008 til 2022.

Stofnunin aflaði myndgagna af nokkrum þéttbýlisstöðum með dróna en tilgangur myndatökunnar er fyrst og fremst að kortleggja nákvæmlega strendur í nágrenni þessara staða til að geta betur metið áhættu vegna breytinga á sjávarstöðu í kjölfar loftslagsbreytinga.

Á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins var unnið að undirbúningi að útboði á loftmyndaþekju af öllu landinu og voru Landmælingar Íslands fengnar sem ráðgjafar við verkefnið. Stofnunin sá um áratugaskeið um loftmyndatöku af landinu og var á árinu hafist handa við að

staðsetja þær myndir mjög nákvæmlega með sjálfvirkum aðferðum og er stefnt að birtingu þeirra í loftmyndasjá stofnunarinnar. Fjöldi þessara mynda er á annað hundrað þúsund en byrjað verður á að birta myndir frá 1994 – 2000. Aðgangur að þessum myndum hefur verið opinn um árabíl en ljóst er að með því að staðsetja þær nákvæmlega opnast miklir möguleikar fyrir þá sem áhuga hafa á að bera saman breytingar á yfirborði Íslands, allt frá árinu 1937 til dagsins í dag.

Þegar eldgos hófst í Merardölum í byrjun ágúst flugu starfsmenn Landmælinga Íslands reglulega yfir hraunið í fisflugvél og tóku myndir úr mikilli hæð. Úr myndunum voru gerð myndkort og útreikningar á rúmmáli hraunsins. Við þetta verkefni voru þróaðar nýjar aðferðir við öflun og samsetningu gagna þannig að hægt var að miðla nýjum upplýsingum um hraunflæði og greiðar gönguleiðir að gosinu með skjótum hætti til almennings og um leið til vísindamanna til að gera áhættumat og líkön af hraunflæðinu.



Þrívíddarlíkan unnið í Agisoft af mælingahúsinu á Höfn, gert með gögnum úr Matrice 300 RTK dróna.

Landmælingar

Landmælingar Íslands reka grunnmælikerfi landsins sem eru landshnitakerfi og landshæðarkerfi. Bæði kerfin eru byggð á viðamiklum mælingum um langt árabil og er kerfunum haldið við með mælingum á hverju ári og neti síritandi jarðstöðva sem mynda ICECORS jarðstöðvakerfið. Töluverð vinna fer í viðhald kerfisins á ári hverju en hver stöð samanstendur af loftneti, móttakara og búnaði til fjarskipta.

Á grunni þessara kerfa veitir stofnunin gjaldfrjálsan aðgang að leiðréttingaþjónustu fyrir þá sem stunda landmælingar og bætir sú þjónusta til muna nákvæmni og hraða þeirra mælinga.

Hálfhreyfanleg viðmiðun

Vegna mikilla jarðskorpuhreyfinga þá aflagast landshnitakerfið með tímanum. Til þess að viðhalda nákvæmninni og minnka þörf fyrir landsþekjandi endurmælingar þá er núverandi viðmiðun hnitakerfisins svokölluð hálfhreyfanleg viðmiðun, ISN2016. Hægt er að leiðrétta mælingar og gögn með tilliti til jarðskorpuhreyfinga með færslulíkani sé þess þörf. Líkanið byggir á færsluhröðum frá jarðstöðvum auk endurtekinna mælinga á GNSS fastmerkjum. Til að koma til móts við þá fjölmörgu sem enn notast við ISN93 viðmiðunina þá hefur vörpunarlíkan verið þróað fyrir öll helstu landupplýsingakerfi sem notuð eru á landinu.

Nákvæmni í landbúnaði

Til að sýna fram á notagildi leiðréttingaþjónustunnar og grunnkerfanna fóru Landmælingar Íslands í samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hvanneyrarbúið við að finna ódýra leið til að bæta nýtingu áburðar með notkun GNSS (GPS) tækja og IceCORS jarðstöðvakerfisins. Fundinn var ódýr en nákvæmur GNSS-búnaður og hugbúnaður til verksins og hann tengdur við IceCORS jarðstöðvakerfið. Með því tókst að fá betri en 20 cm staðsetningarnákvæmni í landbúnaðartæki á hreyfingu. Með nýtingu þessarar tækni má búast við 5-15% sparnaði áburðar miðað við sömu uppskeru og um leið draga úr þeim umhverfisáhrifum sem áburðurðarnotkunin veldur.



Unnið við hæðarmælingar á Kili.

Landupplýsingar

Nákvæmar og uppfærðar landupplýsingar eru grunnöggn hvernar þjóðar og framsetning þeirra á kortum er mikilvæg til að auka skilning á aðstæðum. Samkvæmt lögum um landmælingar og kortagerð þá ber Landmælingum Íslands að framleiða og viðhalda stafrænum landupplýsingum um vatnafar, yfirborð, samgöngur, örnefni, stjórnsýslumörk, mannvirki og hæðargögn.

Örnefni

Undanfarin ár hefur mikil vinna farið í að skrá og staðsetja örnefni í Örnefnagrunn Landmælinga Íslands. Það hefur verið gert með ýmsum hætti en mikilvægust hefur verið sú vinna sem unnin hefur verið af staðkunnugum í gegnum Örnefnaritil, sem er vefból tengt við örnefnagrunninn. Á árinu lauk áttakinu Hvar er? sem unnið var í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en markmið þess var að vekja athygli fólks á örnefnum og leitast við að fá staðkunnugt fólk alls staðar að af landinu til að koma að staðsetningu örnefna í kortagrunn. Örnefnanámskeið voru haldin víða um land og alls voru 17.623 örnefni skráð meðan á áttakinu stóð. Í árslok voru ríflega 162.000 staðsett örnefni í Örnefnagrunni Landmælinga Íslands og uppfærast örnefnin vikulega í vefsíam stofnunarinnar.

IS 50V

Gagnagrunnurinn IS 50V er enn mikilvægur grunnur fyrir alla kortlagningu og útgáfu á Íslandi. Gagnasettum í grunninum hefur þó farið fækkandi og er það í samræmi við lög um grunngerð en í þeim kemur fram að gögnum skuli miðlað frá og viðhaldið þar sem þau verða til.

Gagnagrunnurinn er stöðugt uppfærður þegar nýjar upplýsingar berast og á árinu voru meðal annars talsverðar breytingar gerðar á sveitarfélagamörkum, á strandlínu í kringum allt þéttbýli landsins og einnig eru stöðugar breytingar á vegakerfi landsins.



Haukbergsvaðall.

Grunngerð

Eitt af mikilvægustu verkefnum Landmælinga Íslands er svokölluð Grunngerð. Verkefnið er mjög viðamikið og flókið en í sinni einföldustu mynd þá snýr það að því að gera opinberar landupplýsingar aðgengilegar. Stofnunin sér um innleiðingu á þessu verkefni á Íslandi og felst það meðal annars í því að vera í samskiptum við stofnanir ríkisins og hjálpa þeim við að gera ýmis gögn aðgengileg sem landupplýsingar. Oft snýr verkefnið að því að umbreyta gögnum yfir á skráarform sem landupplýsingakerfi geta nýtt en ekki síður að því að aðstoða stofnanir við að miðla til notenda þeim gögnum sem þær hafa yfir að ráða.

Með stuðningi umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins var farið af stað með nokkur verkefni í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun þar sem unnið er að því að gera mikilvæg umhverfisgögn aðgengileg. Einnig hefur verið unnið með verkefnastjórn 5. áfanga rammaáætlunar við að draga fram gögn um orkukosti og þá sérstaklega gögn er varða nýtingu vindorku og þau áhrif sem verða af þeirri nýtingu á umhverfi og samfélag.

Á vegum Evrópusambandsins var tilskipun um samfélagslega mikilvæg gögn (High Value Datasets) samþykkt á árinu en sú tilskipun tengist beint lögum um endurnot opinberra upplýsinga. Tilskipunin tekur að nokkru leyti við hlutverki INSPIRE tilskipunarinnar þegar kemur að gjaldfrjálsu aðgengi að landupplýsingagögnum og hefur mikilvægi aðgengis almennings að þessum grunnupplýsingum þar með verið ítrekað. Öll gögn Landmælinga Íslands sem falla undir þessa tilskipun eru aðgengileg samkvæmt henni og mun stofnunin aðstoða aðrar opinberar stofnanir við að gera sín gögn aðgengileg á sama hátt.










Gosmökkur frá eldstöðvunum í Fagradalsfjalli, séð frá Akranesi.

Vefsjár

Landmælingar Íslands forrita og reka sínar eigin kortasjár og kortasjárúmhverfi. Uppbygging þess er með þeim hætti að auðvelt er að aðstoða opinbera aðila við að miðla landupplýsingum sínum eins og lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar gera ráð fyrir. Stofnanir geta valið um að fá fullt aðgengi að hugbúnaðinum og sjá alfarið um rekstur sinna kortaþjónusta eða láta Landmælingar Íslands sjá um uppbyggingu og rekstur þeirra. Meðal þeirra stofnana sem nýta sér kortasjárúmhverfið eru Byggðastofnun, Minjastofnun, Vatnajökulsþjóðgarður og Fjarskiptastofa en einnig hafa verið byggðar upp hjá stofnuninni svokallaðar þemasjár sem tengjast ákveðnum þemum eða atburðum eins og t.d. Hafsjá, Landbúnaðarsjá og Umbrotasjá.

Á grunni þessa hugbúnaðar var ný Landupplýsingagátt formlega opnuð þann 21. júní þegar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson heimsótti Landmælingar Íslands. Í Landupplýsingagáttinni eru yfir 400 gagnasett frá 28 gagnaveitendum og eru gögnin flokkuð í 29 mismunandi þemu. Landupplýsingagáttin er starfrækt í samræmi við lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar þar sem fram kemur að opinberum aðilum beri að miðla stafrænum landupplýsingum á samræmdan hátt og að stofnanir eigi að veita aðgang að niðurrhals- og skoðunarþjónustum. Þarna er því á einum stað hægt að sjá flest þau opinberu landfræðilegu gagnasett sem aðgengileg eru með samræmdum hætti í vefþjónustum á Íslandi.



Alþjóðamál

Landmælingar Íslands leggja mikla áherslu á erlent samstarf. Helsta ástæða þess er sú að með góðum tengslum í alþjóðlegu samstarfi er hægt að nálgast sérþekkingu annarra þjóða og stofnana og hraða þannig uppbyggingu þekkingar hjá stofnuninni. Landmælingar Íslands eru aðili að EuroGeographics, samtökum evrópskra korta- og fasteignastofnana og hafa gætt hagsmuna Íslands í UN-GGIM starfi Sameinuðu þjóðanna þar sem unnið er að eflingu og nýtingu landupplýsinga til að takast á við helstu áskoranir framtíðarinnar.

Sem fyrr þá er norrænt samstarf umfangsmikið og mikilvægt stofnuninni. Það samstarf fer helst fram í formlegu samstarfi norrænna korta- og fasteignastofnana þar sem starfandi eru ýmsir vinnuhópar. Þar má nefna vinnuhóp um Inspire, landmælingar, kortagerð og fjarkönnun. Á árinu var mesti þunginn í samstarfinu á sviði landmælinga og fjarkönnunar í tengslum við fyrirhugað útboð íslenska ríkisins á loftmyndatöku af öllu landinu.

Vegna innrásar Rússa í Úkraínu var öllu starfi á vegum Arctic SDI frestað um óákveðinn tíma en í því samstarfi taka þátt kortastofnanir þeirra átta ríkja sem aðild eiga að Norðurskautsráðinu.

Landmælingar Íslands eru tengiliður Íslands við Copernicus-áætlun Evrópusambandsins um vöktun jarðarinnar. Í gegnum það samstarf fékk stofnunin styrk á árinu til að auka notkun á gögnum og þjónustum Copernicus á Íslandi.



Fjármál

Ársreikningur ársins 2022 birtist samkvæmt ákvæðum laga um opinber fjármál. Framlag ríkissjóðs til rekstrar var 377,7 milljónir og aðrar tekjur voru 43,6 milljónir. 28,6 milljónir voru framlög frá öðrum innlendum og erlendum stofnunum vegna verksamninga. 15 milljónir voru vegna vinnu við sérverkefni.

Stærsti gjaldaliður stofnunarinnar eru laun og launatengd gjöld sem voru 271 milljónir á árinu 2022. Önnur gjöld voru 156 milljónir. Annar stór gjaldaliður á árinu var aðkeypt þjónusta en stofnunin gerði samning til eins árs um aðgengi að loftmyndum fyrir allar ríkisstofnanir. Stofnunin gekk á höfuðstól um 5.950 þús. Í árslok er höfuðstóll stofnunarinnar 33 milljónir.

Vel er fylgst með fjármálum stofnunarinnar, tekjur og gjöld rýnd mánaðarlega og aðhald og ráðvendni höfð að leiðarljósi.



Skipting rekstrargjalda

	2022	2021
Sértekjur	43.608.886	43.021.702
Framlag ríkissjóðs	377.744.610	327.030.458
Laun	271.047.284	253.028.183
Ferðir og fundir	11.865.582	7.265.592
Rekstrarvörur	3.444.717	5.719.736
Aðkeypt þjónusta	92.799.071	44.988.159
Húsnæði	38.218.750	41.853.293
Rekstrarkostnaður	9.928.059	7.541.049
Afkoma ársins	5.949.967	-8.665.550

